



Fundargerð

450. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 10. september 2020. Þetta er 12. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 6 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=1JfaG6GFzrU&feature=youtu.be>

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista boðar forföll í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista. Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista tekur sæti Katrínar Gunnarsdóttur D-lista vegna yfrstandandi leyfis.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, við málefnskra bætist;

II. Málefni til umfjöllunar

8. Boð á Aðalfund Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

28. ágúst sóttu Bjarki Guðnason og Arndís Harðardóttir stjórnarfund Kirkjubæjarstofu

31. ágúst sat sveitarstjóri upplýsingafund vegna atvinnu- og kynningarmála

1. september var fjarfundur á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um málefni miðhálandisþjóðgarðs með sveitarstjórum og oddvitum á Suðurlandi

2. september átti sveitarstjóri fjarfund með fulltrúa frá Landsvirkjun vegna nærsamfélagsverkefna Landsvirkjunar

2. september var sveitarstjóri á fjarfundi með Náttúrustofu Suðausturlands vegna hugmynda um verkefni í Skaftárhreppi

2. og 9. september voru fundir í verkefnishópum um stjórnsýslu og fjármál vegna sameiningarviðræðna

7. september forstöðumannafundur þar sem farið var yfir stöðu jafnlaunavottunar, styttingu vinnuvikunnar og önnur verkefni framundan

7. september verkefnisfundur um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps

9. september fundur vegna umsókna í framkvæmdasjóð ferðamannastaða

1. september sóttu oddviti og Jóna Björk Jónsdóttir fund um svæðisskipulag fyrir suðurhálandið.

3. september sótti oddviti stjórnarfund Kötlu jarðvangs. Þann dag var einnig upplýsingarfundur sveitarstjórnar.

4. september sótti oddviti stjórnarfund SASS.

8. september var haldinn sameiginlegur fundur sveitarstjórna jarðvangssveitarfélaganna í Vík. Þar mættu einnig skipulags- og byggingarfulltrúar ásamt kynningar- og atvinnmálafulltrúum.



Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 97. fundar menningarmálanefndar, dags. 07.09.2020

1. 2009013 Erindi frá Ólafi E. Júlíussyni varðandi Múlakotsskóla en hann hefur mikinn áhuga á að lyfta þessu húsi á þann stall sem því sæmir.

A) Spurt er um hvort Múlakotsskóli sé falur? Hvert gæti verið verið fyrir húsið? Hvað stór lóð fylgir húsinu? Gæti fylgt eignarlóð með húsinu? Lóðin undir húsið er leigulóð úr Múlakotsjörðinni.

Gerður var lóðarleigusamningur 22.10.2010 og er til 25 ára.

Að okkar mati er óeðlilegt að selja þetta merkilega hús til einkaaðila. Húsið var byggt 1909 en í fræðslulögunum frá 1907 var kveðið á um að sveitarfélög ættu að byggja skóla. Teikningin var notuð víða nokkrum stöðum á landinu en mjög fá af þeim húsum eru enn í nothæfu ástandi. Þar sem húsið er í raun fornminjar (111 ára) og hefur verið lagfært undanfarnin ár með peningum frá sveitarfélaginu og styrkjum frá Húsafriðunarsjóði, þykir okkur eðlilegt að sveitarfélagið eigi húsið áfram og að haldið verði áfram að endurbæta það. Húsið var lagfært að utan og skipt um glugga árið 2019 en mörg verkefni bíða. Það kemur aftur á mótí vel til greina að leigja húsið, vilji einhver nýta það til einhvers sem gæti rúmast í húsinu án mikilla breytinga.

B) Er Múlakotsskóli falur til flutnings innan sveitar? Fundarmenn telja að það gæti verið góð hugmynd að flytja Múlakotsskóla þangað sem hann gæti nýst betur, t.d. á Kirkjubæjarklaustur.

C) Er Múlakotsskóli falur til flutnings úr sveitarfélaginu? Nei, alls ekki. Við getum ekki með nokkru mótí samþykkt að fornminjar í eigu íbúa séu fluttar úr sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn þakkar Menningarmálanefnd fyrir álit sitt og tekur undir með henni.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kynna fyrir íbúum hugsanlega útleigu á húsinu og ganga frá leigusamningi.

2. Fundargerð 158. fundar skipulagsnefndar, dags. 09.09.2020

1. 1710004 – Dalshöfði, Hnútuvirgjun – Óskað heimildar til Ask br. og Dsk gerðar

Ragnar Jónsson kt. 150248-4509 óskar eftir þeirri breytingu á aðalskipulagi, að afl virkjunarsviðs Hnútu verði breytt úr 15 Mw í 9,3 Mw sem og að aðkomuvegur frá Dalshöfða og að iðnaðarsvæði (I2) verði settur inn á aðalskipulagsuppráttinn. Jafnframt óskar Ragnar Jónsson eftir heimild að vinna deiliskipulag fyrir svæðið samhliða aðalskipulags breytingunni.

Eftirfarandi bókað:

„Jón Hrafn Karlsson, Bjarki Guðnason og Rúnar Þorri Guðnason D-lista samþykkja umbeðna ósk umsækjanda.“

„Jóna Björk Jónsdóttir Z-lista bókar eftirfarandi: Breyting á aðalskipulagi vegna Hnútuvirgjunar verður að öllum líkindum til þess að fresta vinnu við endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps sem er mjög miður. Nú þegar hafa virkjarframkvæmdir fengið mjög neikvæða umsögn hjá Skipulagsstofnun. Í núgildandi aðalskipulagi segir að virkjana svæðið séu merkt sem iðnaðarsvæði „með fyrirvara um niðursöðu rammaáætlana, rannsóknar og umhverfismats“. Æskilegt er að skoða þennan virkjanakost í heild með hliðsjón af þeim gögnum sem nú liggja fyrir í endurskoðunarvinnu nýs aðalskipulags. „



„Bergur Kr Guðnason Z-lista situr hjá“

EBH, BG og JHK staðfesta afgreiðslu nefndarinnar. JBJ og AH eru á móti og taka undir bókun Jónu Bjarkar Jónsdóttur frá skipulagsnefndarfundinum.

2. 2009003 – Klausturvegur 4 – Br. notkun 2.hæðar heimavistarálmu, bygg.leyfi.

Skaftárhreppur kt. 480690-2269 sækir um byggingarleyfi fyrir breyttri notkun á 2.hæð heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla undir skrifstofur Þekkingarseturs samkvæmt meðf. gögnum

Skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfið fyrir breyttri notkun.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. 2009002 - Hæðargarður – Heimild til útleigu gistingar í frístundabyggð.

Guðmundur Gíslason kt.010367-5069 óskar eftir heimild til útleigu gistingar í húsum á lóðum K3, G5 og G6 við Hæðargarðsvatns skv. meðfylgjandi skjölum

“Vinnuhópur endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps er með þetta mál í vinnslu hvað varðar þéttbýlismörk milli íbúðabyggðar og frístundabyggðar. Skipulagsnefnd leggur til að skilmálar fyrir frístundabyggðina verði endurskoðaðir samhliða.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 2009004 - Þykkvibær 2 - ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163474

Sigurjón F Ragnarsson kt. 061280-5109 óskar eftir að stofna lóð út úr Þykkvabæ 2 L163474 skv. meðf. Gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. 2009005 - Hraunbær – ósk um stofnun lóðar úr landnúmeri L163368

Marvin Ívarsson fh. Ríkiseigna kt. 690981-0259 óskar eftir að stofna nýja lóð út úr Hraunbæ L163368 sem fengi nafnið Efri-Hraunbær skv. meðf. Gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Arndís Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar.

6. 2009006 – Ytri-Dalbær - ósk um stofnun lóða úr landnúmeri L163464

Björgvin Karl Harðarson kt. 071257-4449 óskar eftir að stofna 2 nýjar lóðir út úr Ytri-Dalbæ L163464 skv. meðf. gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

EBH, BG, JHK og JBJ staðfesta afgreiðslu nefndarinnar.

Arndís Harðardóttir kemur aftur til fundarins.



7. Vegagerðin – Óskað eftir að námur í Laxá og Djúpá verði færðar inn á ASK

Svanur Bjarnason fh. Vegagerðarinnar kt. 680269-2899 óskar eftir að efnisnámunum í Laxá og Djúpá verði komið inn á aðalskipulag, skv. meðfylgjandi gögnum.

„Skipulagsnefnd vísar erindinu til endurskoðunar aðalskipulags.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

8. Preststún – Niðurstaða úr fornleifagreftri og afstaða Minjastofnunar Íslands

Borist hefur niðurstaða úr fornleifagreftri og gjóskulagarannsókn í Preststúni frá Fornleifastofnun Íslands og afstaða Minjastofnunar Íslands skv. meðfylgjandi gögnum.

„Í ljósi framkominna niðurstöðu FÍ og afstöðu MÍ að fornminjar fundust á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði verður ekki hægt að úthluta lóðum á þessu svæði að sinni.“

Sveitarstjórn tekur undir með skipulagsnefnd og felur sveitarstjóra að kanna hvaða möguleikar eru í boði varðandi uppgröft á Kirkjubæjarklaustri, svo stórmerkilegri sögu svæðisins verði gerð einhver skil í náinni framtíð.

9. Grímsstaðir – Stöðuleyfi vegna vindrannsóknna

Ásbjörn Egilsson Eflu ehf. fh. Qair (áður Qadrun Iceland Development) sækir um stöðuleyfi fyrir 2 radarmæligáma til kortlagninar á flugi fugla og vindsjá (LIDAR) á Grímsstöðum í Meðallandi Skaftárhreppi skv. meðf. gögnum

„Skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til 12 mánaða.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

10. Mál til kynningar

Hæðargarður – Aðalskipulags breyting auglýst í b-deild 17.ágúst sl.

Þétting byggðar – Aðalskipulags breyting auglýst í b-deild 3.sept. sl.

Þétting byggðar – Deiliskipulag Læknisreits auglýst í b-deild 10.sept. nk.

Sveitarstjórn fagnar því að hægt verði að auglýsa lóðir til úthlutunar á Kirkjubæjarklaustri fljótlega.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2009007 Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 30. október 2020

Sveitarstjórn tilnefnir Arndísi Harðardóttur, Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur og Bjarka Guðnason. Til vara Jóna Björk Jónsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Eva Björk Harðardóttir.

2. 2009008 Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 29. – 30. október 2020

Sveitarstjórn tilnefnir Arndísi Harðardóttur, Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur og Bjarka Guðnason. Til vara Jóna Björk Jónsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Eva Björk Harðardóttir.

3. 2009009 Aðalfundur Skógasafns 14. september 2020

Sveitarstjórn tilnefnir Bjarka Guðnason og Arndísi Harðardóttur til vara.



4. 2009010 B-hluta stofnun vegna ljósleiðara – Skaftárljós
Í efri hluta Skaftártungu, Meðallandi og Álftaveri er lagning og tenging ljósleiðara á lokametrunum. Einnig verður lokið við að leggja ljósleiðara og tengja að Hunkubökkum í haust. Ólíkt öðrum lagnaleiðum hefur Skaftárhreppur séð um lagningu þessara leiða án aðkomu annarra fyrirtækja og er því einn eigandi þess. Ljósleiðarakerfið í neðri hluta Skaftártungu er í eigu Hrafshóls ehf, Austur-Síða að Fljótshverfi í eigu Orkufjarskipta og Digriklettur er eigandi kerfisins í hluta Landbrots. Sveitarstjóri leggur til að stofnuð verði B-hluta stofnun hjá Skaftárhreppi vegna þess hluta sem er í eigu sveitarfélagsins. *Sveitarstjórn samþykkir að stofnuð verði B-hluta stofnunin Skaftárljós til að halda utan um lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu vegna þess kerfis sem verður í eigu sveitarfélagsins. Skráður framkvæmdastjóri og prókúruhafsi verði Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri.*
5. 1910013 7 mánaða milliuppgjör Skaftárhrepps
Niðurstæða 7 mánaða milliuppgjörs samstæðu Skaftárhrepps sýnir neikvæða rekstrarniðurstöðu að upphæð 19,7 milljónir. Viðræður standa yfir um heildarendurskoðun lána sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Ekki er ennþá ljóst hvernig þær 32 millj sem sveitarfélagið á að fá úthlutað frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu munu koma til með að nýtast og hvaða áhrif það kemur til með að hafa á rekstur sveitarfélagsins.
6. 1910013 Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2020
Sveitarstjóri fer yfir tillögu að viðauka 2 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2020. Ljóst er að Covid 19 mun hafa talsverð áhrif á rekstur sveitarfélagsins árið 2020 og 2021. Vegna mikillar óvissu í rekstrinum hefur þurft að fresta mörgum framkvæmdum og viðhaldi á árinu.
Samtals áhrif viðauka á fjárhagsáætlun 2020
 - Rekstrartekjur í A-hluta lækka um 53 millj.
 - Rekstrargjöld A-hluta lækka um 45,4 millj.
 - Nettó hækkun rekstrar í A-hluta er 7,6 millj.
 - Fjárfestingar hækka um 12,5 millj.*Samtals um 20,1 millj sem er mætt með breytingum á afb. lána þar sem ekki er gert ráð fyrir 40 millj. kr lántöku, hækkun á núverandi skammtímaláni í 31 millj og lækkun á handbæru fé 4,7 millj.kr.*
Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.
7. 2009011 Vegna tilkynningar um vatnsgæði neysluvatns í kjölfar sýnatöku Heilbrigðiseftirlits Suðurlands
Í framhaldi af fréttum af grun um ecoli sýkingu í vatnsbóli á Kirkjubæjarklaustri á dögunum vill sveitarstjórn kalla eftir verklagsreglum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna málsins. Grunurinn átti ekki við rök að styðjast en olli miklu fjárhagslegu tjóni hjá rekstraraðilum á öllu svæðinu ásamt áhyggjum íbúa vegna málsins. Sveitarstjóra falið að óska eftir samtali við forsvarsmenn vatnsveitunnar á Kirkjubæjarklaustri varðandi upplýsingamiðlun til íbúa og fyrirtækja.
8. 2009012 Boð á Aðalfund Byggðasamlags um félags og skólajónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu.
Sveitarstjórn tilnefnir Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og Evu Björk Harðardóttur til vara.



III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 7. fundar vinnuhóps vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps, dags. 07.09.2020. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 7. Upplýsingafundar um atvinnu- og kynningarmál í Skaftárhreppi, dags. 31.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 79. fundar félagsmálanefndar dags. 27.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns, dags. 26.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
5. Fjallskilaseðill Landbrots- og Miðafréttar 2020. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð 886. fundar sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
7. Fundargerð stjórnar Eldvilja ehf., dags. 27.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð 2. verkfundar vegna uppbyggingar þekkingarseturs, dags. 27.08.2020. *Fundargerð kynnt.*
9. Fundargerð 3. verkfundar vegna uppbyggingar þekkingarseturs, dags. 04.09.2020. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstaka áherslu á ferðaþjónustu. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 26.08.2020. *Kynnt.*
2. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, Margrét Blöndal, dags. 08.09.2020. *Kynnt.*
3. Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um sérstaka íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021. *Kynnt.*
4. Stöðuskýrslur nr. 1 – 4. Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19. Félagsmálaráðuneytið. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 24. september

Fundi slitið kl. 16:37

Eva Björk Harðardóttir

Jón Hrafn Karlsson

Bjarki Guðnason

Jóna Björk Jónsdóttir

Arndís Harðardóttir